




ÍSLENSKI ALPAKLÚBBURINN

NR. 12 — SEPT. '79



Útgefandi ÍSLENSKI ALPAKLÚBBURINN, félag íslenskra áhugamanna um fjallamenndsku, pósthólf 4186, Reykjavík, Ísland.

Blað þetta kemur út í byrjun annars hvers mánaðar, efni í það þarf að berast ritnefnd fyrir 15. næsta mán. fyrir útkomu blaðsins.

Stjórn ÍSALP:

Formaður: Guðjón Ó. Magnússon, s. 36059

Gjaldkeri: Erlingur Thoroddsen, s. 19828, vinna 83599

Ritari: Ingvar Teitsson, s. 44878, vinna 81200-235

Varaform: Helgi Benediktsson, s. 21027, vinna 12045

Meðstjórn: Björn Vilhjálmsson, s. 16543

Magnús Guðmundsson, s. 30214

Ritnefnd:

Ábyrgðarm: Ingvar Teitsson

Aðrir í Einar Steingrímsson, s. 21601

ritnefnd: Magnús Guðmundsson

Sighvatur Blöndahl, s. 44689, vinna 10100

Snorri Ægisson, s. 31293

Ferðanefnd:

Einar H. Haraldsson, s. 75694, Einar Steingrímsson,

Guðjón Ó. Magnússon, Torfi Hjaltason, s. 24726

Húsnefnd:

Björn Vilhjálmsson,

Magnús Danielson, s. 37227

Sighvatur Blöndahl

EFNI Í BLAÐINU:	bls.
Frá stjórninni.....	3
Félagsstarfið.....	4
McKinley.....	6
Vestrahorn klifið.....	12
Ágrip af sögu Fjallamanna (1939-1968).....	14
Leiðarvísir ÍSALP Nr 6 - Botnssúlur - fyrri hluti.....	20
Ferðir og fundir ÍSALP.....	30

Forsíðumyndin: Arnór Guðbjartsson á tindi McKinleyfjalls (6194 m)
þ. 21. júní 1979, sjá „McKinley“ á bls. 6.

Offsetvinna: Repró

Prentun: Formprænt sf.

Frá stjórninni:

Eins og félögum mun kunnugt um, hefur ÍSALP umsjón með skála Fjallamanna við Tindfjallajökul. Var skálinn í þokkalegu ástandi, þegar við tókum við honum, en þó var þörf á, að lappa lítils háttar uppá hann. Hefur það nú verið gert, af sjálfboðaliðum úr ÍSALP. Skálinn var nú í ágúst þrifinn hátt og lágt, malaður utan og innan og ný kabyssa sett í stað þeirrar gömlu. Er skálinn nú í mjög góðu ásigkomulagi og ekki í kot vísað með gistingu í því húsi. Eru þeim, sem lagt hafa hér hönd á plógin, þökkuð vel unnin störf.

Nokkuð hefur verið rætt, hvernig skálinn kæmi að sem bestum notum fyrir klúbbinn. Svæðið er ákjósanlegt til skíðaiðkana og ísklifurs, og þykir rétt að stefna að því að halda þar sem flest námskeið klúbbsins. Er hér með skorað á félagana að nota þessa aðstöðu á komandi vetri og framvegis.

Marga rekur sjálfsgagt minni til þess, að á síðastliðnum vetrarstóð til að fá hingað til lands skoska fjallakappann Hamish MacInnes. Ekki varð þó af, vegna anna MacInnes heima fyrir. Nú skal aftur höggvið í sama knérunn og reynt að fá hann hingað seinni hluta vetrar. Ef af verður, getum við örugglega mikið af honum lært. MacInnes er sérfræðingur á sviði björgunartækni og ísklifurs, auk þess að vera einn reyndasti háfjallakliffrari heims.

Eitt þeirra verkefna, sem bíða Alpaklúbbsins, er skráning sögu íslenskrar fjallamennsku og skráning klifurleiða á Íslandi. Þyrfti sú regla að komast á, að þegar menn hafa klifið eða gengið leið, sem þá grunar, að hafi ekki verið farin áður, þá komi þeir því á framfæri við stjórn ÍSALP eða einhvern þann, sem hefur með skráninguna að gera.

Þeir sem ekki hafa borgað árgjaldið fyrir 1979, enn, eru beðnir að gera það hið fyrsta. Peningar koma alltaf að góðum notum, því það er dýrt að halda úti veglegu tímariti og leigja húsnæði fyrir starfsemina.

Félagar, notið þá aðstöðu, sem klúbburinn býður ykkur, opin kvöld, skálann í Tindfjöllum, námskeið í fjallamennsku og síðast en ekki síst, leiðarvísí ÍSALP. Gangið, klifrið, skíðið um fjöllin, stundið fjallamennsku. Fjallamennskan og áhugi á henni hlýtur mið að vera undirstaða þessa klúbbs.

Magnús Guðmundsson

Félagsstarfið

Pórísjökulsferðin var farin helgina 21.-22. júlí. Lagt var af stað á laugardagsmorgni um kl. 7. Ekið var inn að mynni Þórisdals og slegið þar upp tjöldum á einu mosáþembunni, sem sést hafði síðustu kílómetrana.

Upp úr hádegi lagði hópurinn af stað á jökulinn. Farið var upp skriðjökulinn norðvestan í Pórísjökli. Á niðurleið af jöklínnum voru teknar ísklifuræfingar fram eftir kvöldi. Veðrið hafði verið mjög gott allan daginn, sól og logn. Þannig hélt það áfram, svo að flestir sváfu fyrir utan tjöld sín.

Að morgni sunnudagsins var gengið á Prestahnúk. Reyndist geysi víðsýnt þennan morgun, hvergi ský á himni og morgunsólin sendi geisla sína yfir öll fjöll svo langt sem augað eygði. Kl. hálf tvö yfirlagaf síðan hópurinn Þórisdal og var stefnan tekin á Þingvöll. Þar var síðan seinni hluta dagsins eytt við klettaklifuræfingar í Hvannagjá.

Þáttakendur voru 8, fararstjóri Hreinn Magnússon.

Hreinn Magnússon

Hrútfellsferðinni var breytt í Tindfjallaferð vegna erfiðleika á að fá bíl inn á Kjöl. Ekið var austur í Fljótshlíð á föstudagskvöldi 6. júlí. Þaðan var gengið í þoku upp í Tindfjallasel og gist þar. Á laugardagsmorguninn var gengið á jökulinn, m.a. á Ými, Ýmu, Saxa og Haka. Á sunnudaginn var gengið á Bláfell, síðan niður austurbarm gilsins, fram úr Skíðadal og loks niður í Sel undir suðurrótum Bláfella. Þáttakendur 7, fararstjóri Magnús Guðmundsson.

Félagsfundur var haldinn 1. ágúst á Hótel Borg. William Q. Sumner, bandarískur fjallgöngumaður frá Washington-fylki, sýndi lit-skyggjur frá ferðum sínum, m.a. frá því, er hann tók þátt í hinum sig-ursæla K 2 leiðangri Bandaríkjamanna 1978. Einnig sýndi hann myndir frá klifri upp "the Nose" á "El Capitan" í Yosemite-þjóðgarðinum, voru þeir þar 5 daga á leiðinni. Einnig myndir frá Alaska og víðar. Mæting var góð, 80-90 manns, og sýningin vakti mikla athygli.

Félagsfundur var haldinn þann 15. ágúst á Hótel Borg. Þar sýndu Arnór Guðbjartsson og þeir McKinley-fararnir litskyggjur og útbúnað frá þessum mesta fjallgönguleiðangri, sem Íslendingar hafa farið til þessa. Húsfyllir var, um 110-120 manns.

Kerlingarfjallaferðin var farin helgina 17.-19. ágúst. Á laugardagsnóttina var tjaldað hjá gangnamannaskálanum í Fossrófum, síðan farið á laugardaginn inn í fjöllin, m.a. á Kerlingartind og að Kerlingu. Linnig var farið í Hveradalí. Veður var óhagstætt og á sunnudaginn var ekki farið upp í fjöllin, heldur áleiðis til byggða. Þátttakendur voru 12, fararstjóri Guttormur B. Þórarinsson.

Ingvar Teitsson




McKinley

I byrjun ársins vorum við orðnir fjórir eftir sem vorum alveg ákveðnir í því að leggja til atlögu við Mount McKinley, hæsta fjall Norður-Ameríku, 6194 metra hátt, oft nefnt "kaldasta" fjall heims, Arngrímur Blöndahl, Arnór Guðbjartsson, Helgi Benediktsson og Sighvatur Blöndahl. Við höfðum ekki áður reynt við svo hátt fjall, þó klifið nokkur hæstu fjöll evrópsku Alp-anna. Undirbúningurinn fyrir ferðina gekk ágætlega og má segja að allt hafi verið klappað og klárt um tveimur mánuðum áður en ráðgert var að leggja fann, þ.e. um mánaðarmótin maí-júní. - Fall er farar heill, hugsuðum við þegar Helgi kom móður og másandi út úr leigubíl upp á Keflavíkurflugvelli, þar sem við biðum í viðröð eftir því að koma af okkur farangrinum. Helgi hafði sem sagt misst af áætlunar bílnum suður í Keflavík vegna þess að klukkan hans var stopp, við gérðum okkur enga grillu útaf því að hann vantaði, héldum einfaldlega að hann hefði fengið einhvern til að skutla sér upp á völli,

Frá Keflavíkurflugvelli flugum við svo föstudaginn 31. maí s.l. áleiðis til Chicago, sváfum þar eina nótt og héldum áfram til Seattle á Vesturströnd Bandaríkjanna. Þar ætluðum við að stoppa í einn sólarhring og fara í Recreational Equipment Inc, REI, stærstu fjallavörumerzlun í heimi. Það gekk allt að óskum og við fengum það sem við vildum í REI, sem var hreint "upplifelsi" að skoða. Um kvöldið þegar við í makindum vorum búinir að koma okkur fyrir uppi á hótelherbergi fór að bera á torkennilegum ópum utan að götunni. Við veittum þessu að vísu ekki mikla athygli í fyrstu, en þetta fór stöðugt í aukana og var svo komið á miðju kvöldi að nær ólíf var fyrir hrópum og köllum. Við Addi brugðum okkur út fyrir til að reyna að fá einhvern botn í þetta. Það kom þá í ljóst að körfuknattleikslið staðarins hafði sigrað í bandarísku meistarkeppninni, en það er talið jafngilda því að verða heimsmeistari í íþróttareininni. Alltaf fjölgaði bílum og fólk á götunum og í myndaði maður sér helzt að allir íbúar staðarins væru komnir á kreik til að fagna sínum mönnum. Svo lúningar vorum við eftir langt flug og steikjandi hita dagsins að við sofnuðum eins og steinar. Morguninn eftir héldum við áleiðist til Anchorage í Alaska og lentum þar örugglega þrátt fyrir að við ferðuðumst með DC-10, eins og við reyndar líka gerðum milli Chicago og Seattle.

Fyrsta verkið í Alaska var að leigja stóran Staition bíl undir allan farangurinn, sem var ekki nein smásmiði. A þessum nýja og glæsilega bíl ókum við svo um og afgreiddum okkar mál á staðnum, eins og að ná í talstöðina og kaupa allan frostþurrkaða matinn. Frá Anchorage héldum við morguninn eftir áleiðis til Talkeetna, smábæjar, þaðan sem áætlað var að fljúga upp á Kahiltajökul við rætur Mount McKinley. Þar sem ekki var hægt að skilja bílaleigu



Addi klár í slaginn.

bílinn eftir í Talkeðtna var ákveðið að við Addi keyrðum hann til baka og kæmum aftur með lestinni. Helgi og Arnór ætluðu hins vegar að fljúga upp á jökul snemma morguns, ef veður leyfði.


En það var ekkert flugveð-ur þá um morguninn, né næstu fjóra morgna. Við vorum því orðnir ansi leiðir á biðinni, þegar kallið barst á fimmta degi. Við höfðum beðið í steikjandi hita og búið við stöðugar árásir bitvarga, sem fóru alveg sérstaklega illa með Helga.

Akveðið var að við Arnór færum með fyrri ferðinni upp á jökul og við lægðum af stað undir hádegi. Við vorum varla búrir að koma okkur sæmilega fyrir í "BaseCamp", þegar okkur var sagt að ekki yrði flogið meira þennan daginn.

Þegar við Arnór litum út daginn eftir, var útlitið ekki glæsilegt, þoka og snjókoma, - það var því ekki laust við að manni dytti í hug, að hér þyrfum við nú að hýrast næstu daga. Það fór sem betur fer ekki svo illa, um hádegi birti til og Addi og Helgi svifu inn til lendingar um eittleit- ið. Við ákváðum að koma okkur fyrir þarna, en flytja fyrst hluta farangur-sins um kvöldið.

Við héldum af stað með um 30 kílóa farangur á þotunum áleiðis til búða tvö og gekk það allt að óskum, ferðin tók um fjóra tíma. Á bakaleið varð ég svo fyrir því óhappi að detta á skíðunum og snúa upp á hnéð, sem leiddi svo til þess að ég varð að snúa við í miðri ferð. Það sama var uppi á teningnum daginn eftir, nú fluttum við seinni helming farangursins til búða tvö og komum tjöldunum fyrir eftir að mikill skjólgarður hafði verið byggður.

Veður var farið að versna nokkuð daginn eftir, komin ský og vottur af snjókomu, en það var þó ákveðið að fara ferð með farangur upp í búðir 3, sem eru í 3050 metra hæð, en búðir tvö eru í 2650 metra hæð. Brattinn var nokkuð meiri heldur en áður þannig að við fórum mjög rólega, vorum eina fimm tíma uppeftir, nema hvað Arnór var nokkuð á undan. Uppi var leiðinda- veður svo að við snérum þegar við, er við höfðum gengið frá farangrinum.



Mount McKinley-tindur séður frá búðum tvö.

Niðurferðin gekk ágætlega fyrir sig því að hægt var að renna sér á skíðunum alla leið.

Þegar niður kom var tekið til við skylduverkið, þ.e. hita vatn til drykkjar og matargerðar. Í ferð sem þessari er nauðsynlegt að hver maður drekki a.m.k. fimm lítra af vatni á dag til að verjast kali og hæðarveiki. Við vorum nokkuð lerkaðir eftir daginn og fórum því snemma að sofa.

Um nóttina vöknudum við svo við að okkur fannst nokkuð verið farið að þrengja að okkur, vitimenn það hafði snjóað einhvern býsn úti, þannig að tjöldin lögðust tölувert saman. Ekki nánntum við strax út til að moka frá, en þegar líða ték á morguninn var ekki hjá því komist að fara út og moka frá. Snjókomunni var farið að slota, en þess í stað var kominn mikill vindur og vottaði fyrir skafrenningi. Það var því ljóst að við myndum ekkert hreyfa okkur þennan daginn. Deginum var því eytt við reifarahestur, en það

vildi okkur til happs, að Addi hafði keypt nokkra reifara heima áður en lagt var af stað. Morguninn eftir var ennþá leiðindaveður, snjókoma og vindur, svo að við hituðum vatnið okkar góða og héldum lestrinum áfram til hádegis. Þá var veðrið farið að skána tölувert. Við ákváðum því að tína saman pjönkur okkar og halda af stað upp í búðir þrjú.

Ferðin upp sóttist sæmilega, en veðrið var hálf leiðinlegt.

Þegar upp var komið byggðum við mikinn skjólgarð fyrir tjöldin og svifum svo inn í hitt ríkið. Í þessari hæð var fyrst farið að bera á hinum alræmda kulda fjallsins, frostið fór niður í 18 gráður um nóttina og kaldranalegt var um morguninn þegar við vöknuðum.

Næsti hluti leiðarinna, sem var upp í búðir fjögur var mun brattari en hinir fyrri og hækjunin meiri, farið var úr 3050 metrum upp í rúmlega 3800 metra. Ferðin sóttist mjög seint og ég var farinn að finna verulega fyrir fætinum. Við dröttuðumst þó upp í búðir fjögur á sex klukkutímum. Þar ákvað ég að snúa við, hætta frekari þáttöku í ferðinni því að fóturinn var orðinn svo slæmur að ég yrði bara til trafla, ef ég héldi áfram. Niður í búðir þrjú komum svoð svo örþreyttir eftir langan

og erfiðan dag. Morguninn eftir tók ég pjöñkur mínar og kvaddi strákana, með söknuði, allt þetta stred hafði sem sagt verið til lítils unnið. Þér héldu af stað með senni hluta farangursins upp í búðir fjögur og sóttist ferðin sæmilega.

Frostið fór niður í 20 gráður um nóttina, en morguninn eftir var hið ágætasta veður. Því var haldið af stað með farangur áfram upp í fimmtu búðir í rúmlega 4500 metra hæð, en þaðan var svo meiningin að fara með allt saman í einni ferð, hætta öllum selflutningum.



Helgi með "fílþungar" birgðar.

Eftir um eins sólarhrings hvíld átti svo að leggja í brattasta hluta leiðarinnar, sem var frá búðum fimm upp í búðir sex. Brattinn á þessar leið fór í um 50 gráður, en til hjálpar voru föst bönd í hlíðinni, "fixed rope", þegar lagt var á brattann var fyrstu einkenna hæðarveikinnar farið að gæta og sóttist ferðin því mjög hægt. Eftir um sjö klukkustunda puð var loks komið í tjaldstað og menn orðnir mjög slæptir, nema hvað Arnór fann ekkert fyrir blesaðir hæðarveikinni.

Til þess að léttu búnaðinn sem mest hafði verið ákvæðið að skilja tjald-ið hans Arnórs eftir og kúldrast þrír í einu og því var "bara" einn skjólgarð að byggja að þessu sinni. Menn skriðu því lúnir í poka í þeirri vön að næsti dagur yrði eitt-hvað léttari.

Það voru hálf lúnir og lerkaðir menn sem skriðu úr pokum að morgni 19. júní s.l., höfðu reyndar á-huga á öllu heldur en að klífa fjöll á þessari stundu. Óti var þokkalegasta veður, örlítil snjókoma og 15 stiga frost. - Lagt var af stað í kjölfar hinna amerísku vina okkar, sem voru rétt á undan. Næsti áfangastaður voru búðir sjö í um 5300 metra hæða, en þaðan er svo lokaatlagan að tindinum gerð. Ferðin sóttist óhemjuhægt, mikil var um hvíldir. Það tók okkur því um fimm tíma að fara þessa 350 metra. Er upp var komið skriðu menn nær samstundis í tjald, án þess að bragða vott né þurrt, matarlystin var fokin út í veður og vind. Menn höfðu varla rænu á að fá sér vatnsskammtinn góða, nema Arnór, sem var sá eini sem var við eðlilega heilsu á þessari stundu.

Þegar Arnór leit út morguninn eftir var sәmilegt veðurútlit, aðeins um tíu stiga frost, hafði reyndar farið niður í rúm 25 stig um nóttina. En það var ekki blesað veðrið sem hamlaði för á þessari stundu, því að bæði Addi og Helgi voru nú verulega farnir að finna fyrir hinni alræmdu fjallaveiki. Hún lýsir sér þannig að vöki sezt inn á lungu manna og jafnvel heila, og þeir eiga erfitt með andadrátt og fá mikinn höfuðverk. Í versta falli missa menn hreinlega meðvitund, eða týna jafnvel lífinu ef



Dúnhnoðrarnir Helgi og Arnór í búðum fimm. Myndin gæti heitið "Bergheil"

þeim er ekki komið undir lækna hendur.

Þegar ljóst var að Arnór yrði sá eini úr hópnum sem reyna myndi við tindinn hafði hann sambænd við hina amerísku vini okkar um að fá að vera í samfloti með þeim. Þeir töldu það alveg sjálfsagt og ákveðið var að reyna morguninn eftir, fimmtudaginn 21. júní.

Það var lagt upp í öndvegis veðri og menn því bjartsýnir á árangur. Lokaatlögunni er hækkinum um 900 metrar og mæddust menn því gífurleg. Menn beittu yfirleitt þeirri aðferð, að anda mjög djúp og hægt, til þess að fá sem mest súrefni í lungun. Þetta gekk hægt og sígandi þrátt fyrir að margar hvíldir væru teknar. Á tindinum stóðu svo félagarnir eftir um sex klukkustunda klifur. Fyrsta sinn sem íslenzkur fjallgöngumaður stígur fæti á tind McKinleys. Á tindinum var mjög fögur fjallasýn þar sem veðrið var mjög gott. Á tindinum var frostið um 30 gráður svo að menn flýttu sér að taka nokkrar myndir og héldu af stað niður aftur. — "Niðurferðin gekk alveg stórslysalauð, en það lá við að maðursofnaði á leiðinni eftir um hálfan sólarhring á leiðinni", sagði Arnór þegar hann kom niður. Addi og Helgi voru ennþá mjög slæptir og augljóst að þeir myndu ekki hjarna við fyrr en niður væri komið.

Morguninn eftir var svo halðið af stað niður, Arnór og Helgi voru saman í línu og Addi var í línu með tveimur Ný-Sjálendingum. Ákveðið var svo að láta fyrirberast í um 3800 metra hæð því að Addi og Helgi voru mjög máttfarnir eftir veikindi undangenginnna daga. — Morguninn eftir voru þeir öllu hressari og fengu sér í gogginn í fyrsta sinn í marga daga. Það gekk ekki eins vel hjá einum amerísku vini okkar, hann var orðinn svo slæmur, að nauðsynlegt var að sækja hann í sjúkraflugvél upp á fjall og fljúga með hann á sjúkrahús í Anchorage, með fulla súrefnisgjöf.

Ferðin niður í "Base Camp" gekk sæmilega að því undanskildu að gera þurfti út leiðangur til að ná í annað skíði Helga sem fallið hafði í sprungu. Í "Base Camp" tóku menn svo hraustlega til matar síns, því að þar beið niðursoðið kjöt og því var að sjálfsögðu skolað niður með nokkrum bjórum. Veður var mjög gott þennan dag svo að Cliff Hudsons gat flogið upp á jökul og sótt mannskapinn.

Með smástoppum var svo flogið heim á leið, gegnum Anchorage, Seattle og Chicago og öllum hugmyndum um að klífa Mt. Rainier varpað fyrir róða, menn höfðu fengið alveg nóg og heimþráin farin að hrjá suma.

Sighvatur Blöndahl


Vestrahorn klifið

Pann 4. ágúst '79 lögðu þrír grútsyfjaðir meðlimir ÍSALP upp í viku reisu um Suðausturland. Voru það Kapparnir Ævar og Örvar Aðalsteinssynir og Birgir Jóhannesson, sem ætluðu sér að klífa nokkur nafntoguð fjöll á því svæði. Á leiðinni austur var komið við í Paradísarhelli, sem er undir Eyjafjöllum. Voru teknar nokkrar léttar klifuræfingar þar, en klifra þarf um 8 m upp í hellinn. Síðan var þeyst áleiðis til Skaftafells, með hinum vanalegu viðkomum í sjoppum og á Systrastapa. Í Skaftafelli vorum við um nóttina, og daginn eftir gengum við á Hvannadalshnúk (2119 m) í mjög skemmtilegu veðri. Tók ferðin alls 11 tíma, enda var féri mjög gott.

Næsta dag ókum við til Hornafjarðar og gengum á Klifatind (888 m), sem er hæsti tindurinn í fjallaklasanum sunnan við Almannaskarð. Fær maður þar gott yfirlit yfir svæðið og auk þess mjög fagra jöklasýn. Gengum við á fjallið úr skarðinu, og er það auðveld leið. Næstu þrjár nætur vorum við í Hornsvík, og reyndist þar vera veðursæld hin mesta, í skjóli hrikalegra fjalla.

A fjórða degi var ákvæðið að reyna við Kamphornið (757 m), sem er tilkomumesti tindurinn í Vestrahorninu. Lögðum við af stað um kl. 10 um morguninn, eftir að hafa snætt góðan málsverð. Fyrst þurftum við að brölta upp geysibrattar skriður, uns við komumst að rótum klettanna í um 400 m hæð. Fórum við þar í línu og græjuðum okkur fyrir klifrið. Lagði síðan fyrsti maður af stað. Fyrsti hluti klifursins var upp lænu og voru aðstæður til klifurs þar mjög góðar, fast berg (djúpberg: gabbró) og góð skilyrði til trygginga. Notuðumst við nær eingöngu við þunna fleyga og voru „rakvéla-blöðin“ óspart notuð (rakvélablöð: fleygar af þynnstu gerð).

Þegar lénunni lauk, eftir mjög skemmtilegt klifur (III. gráða), blasti við hellisskúti nokkru ofar. Fórum við þá til hægri og upp á smá hrygg, sem reyndist vera mjög laus og ó öruggur. Héldum við þá áfram til hægri yfir klettabrún, sem líkja má við brauðmylsnu, hvað festu snertir. Tók þá við erfiðasti kafli klifursins, sem undirritaðir telja ekki vera minna en IV. gráðu. Er hann ekki mjög brattur, en lítið um hand- og fótfestur, og þverhnípi fyrir neðan. Er þessi kafli mjög skemmtilegur að því leyti, að um algjörlega hreint klifur var að ræða (stigar ekki notaðir á leiðinni).



Að þessum kafla loknum (30 m) tók við mosavaxinn hryggur og innbyrtum við þar smá næringu, sem hafði algjörlega gleymst í hita leiksins. Þá fyrst tókum við eftir, að við vorum ekki í aðal tindinum, heldur í þeim lægri, sem er vestar. Létum við það ekkert á okkur fá, heldur héldum ótrauðir upp á við. Með litlum erfiðleikum komumst við upp í skriðu eina, sem er undir tindinum. Þaðan virtum við fyrir okkur hrikalegan klettavegg Kamphornsins, sem er um 300 m háár. Héldum við upp úr skriðunni vinstra megin, og reyndist það vera þrekraun hin mesta að klifra í sleipu grasi og framhjá stálpuðum fílsungum, sem ældu í allar áttir. Var þá ekki eftir nema rölt upp auðvelda kletta, og stóðum við loks á tindinum eftir 6 tíma klifur. Var þar á tindinum hið ákjósanlegasta sæti úr grasi og sátum við þar og nutum hrikalegs útsýnis. Yfirlögum við staðinn treglega eftir hálftíma veru, og gekk niðurferðin ágætlega. Fórum við niður vesturhrygg fjallsins og sigum síðustu 40 metrana, gengum síðan gegnum Kexið, sem er næsta skard vestan við Vestrathorn. Voru það þreyttir menn, en ánægðir, er fóru í sund á Höfn um kvöldið. Daginn eftir gengum við upp í Kexið og inn í Kastárdalinn og þaðan sem leið liggur upp á Kamphornið. Var hrikalegt að sjá þaðan og beint niður í sjó, um 760 m.

Seinna í þessari ferð okkar skoðuðum við Eystrahornið, en það er austan megin við Lónið. Bíða þarna fyrir austan næg verkefni fyrir klifrara næsta áratuginn, bæði í Vestra- og Eystrahorni.

Birgir Jóhannesson

Ævar Aðalsteinsson

Örvar Aðalsteinsson

Ágrip af sögu FJALLAMANNA

1939 - 1968

Seinunnin öræfi

Landkönnun og ferðalög um óbyggðir á Íslandi þóttu ekki hversdagsleg áður fyrr. Fjallvegir voru farnir og haldið til gangna, en þá helst af brýnni nauðsyn.

Reyndar vitum við nú ekki gjörla hvernig óbyggðaferðum var háttar, svo varlegast er að fullyrða mikið um fjallamennsku á fyrri öldum. Eitt erþó víst. Þegar þekking manna á náttúrunni og tækni jókst, urðu þær æ fleiri, ferðirnar á fjöll og jökla. Fyrst í stað fóru menn þá fyrir forvitni sakir og til mælinga - smám saman urðu skemmtiferðirnar algengari.

Til dæmis mun Þórður Skálholtsréktor Vídalín (f. 1662) hafa kannað Vatnajökul eitthvað og skrifast eina fyrstu ritgerð um jökla, sem þekkist: Ritgerð um íslensku ísfjöllin.

Þá mætti minnast félaganna Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar, sem fyrstir gengu á Snæfellsjökul og Heklu (1750). Þótti þeim réttast að hafa m.a. með sér svamp vættan ediki, ef loftið skyldi vera svo þunnt að yfirlið hlytist af.

Sveinn Pálsson læknir, sá er skrifastaði merkt jöklarit og ferðabók, gekk fyrstur manna á Öræfajökul svo vitað sé, árið 1794.

Vert er að Əldklerksins svonefnda, Jóns Steingrímssonar, sem kannaði öræfin vestur af Vatnajökli í Skaftárelendum, og allra erlendu könnuðunna, sem fóru vítt og breitt um landið á 19. og í byrjun 20. aldarinnar. Allir höfðu þeir með sér harðsnúna íslenska fylgdarmenn, svo sem Watts á Vatnajökli um 1875 og Þjóðverjinn Reck, sem kleif Herðubreið 1908.

Kirkjan í Öræfajökli var klifin fyrst árið 1979. Má því segja ýkjulaust að íslensk fjallamennska eigi sér bæði hefðir og sögu, sem vitnar um að öræfin eru seinunnin.

Í kjölfar sjálfstæðisbaráttunnar

Baráttan fyrir íslensku þjóðfrelsi efldist mjög sérinni hluta 19. aldar og í upphafi þeirrar tuttugustu. Einn hluti af þjóðfrelsishreyfingunni var Ungmennahreyfingin. Markmið hennar var m.a. að iðka í-próttir og útilíf til þess að gera æskufólki kleift að kynnast landinu og hressa upp á sál og líkama í baráttuskyni.



Dáttakendur í 1. námskeiði Fjallamanna í Kerlingarfjöllum 1939. Kennararnir Leutelt og Guðmundur nr. 2 og 4 f.v. í fremri röð.

lausa félagið og Háfjallafélagið sjást varla á spjöldum sögunnar, en munu þó hafa komið henni við í hálfgerðum glæfraferðum þessa tíma. Óg kjarni þessa fólks gegndi síðan hlutverki við uppbyggingu Ferðafélagsins og Fjallamanna.

Telja verður Fjallamenn eins konar forvera ISALP og þykir vísast að rifja hér upp nokkra drætti úr sögu Fjallamanna - fyrsta félags fjallgöngumanna á Íslandi.

Klifur- og göngutækni numin erlendis

Einn mjög virkra félaga Ungmennahreyfingarinnar var Guðmundur Einarsen frá Miðdal í Mosfellssveit (f. 1895). Hann hafði ferðast nokkuð um landið og fór síðan utan til náms 1925-’29 til Þýskalands.

I Mið-Evrópu kynntist Guðmundur fjallklifri og lærði í ferðum sín-um helstu tæknileg atriði til brúks í bergi og ís. Aðrir íslendingar urðu sér einnig úti um reynslu á þessu sviði, t.d. Tryggvi Magnússon, Kristján Skagfjörð og Jón Oddgeir Jónsson.

A árunum 1930 - '38 stundar svo lítill hópur félaga ferðalög og fjaílgöngur hér heima og heiman, m.a. á Vatnajökli 1934, á Hofsjökli, í Kerlingarfjöllum, Torfajökli og öðrum suðurjöklum, á háleindi Mið-Evrópu og í Dolomítafjöllum. I þessum ferðum ber stundum á góma að best væri að stofna félag fjallamanna og halda námskeið fyrir landann. Myndi slíkt auka öræfaferðir og vitað er að betur vinnur vit en strit.

33 stofnfélagar

Drifið er í að stofna Fjallamenn vorið 1939. Stofnfélagar eru 33

Ungmennahreyfingin varð um margt fyrsti vísirinn að félagsstarfi, sem miðaði að ferðalögum og fjallamenndsku, Hún brúaði bilið til stofnunar Ferðafélags Íslands 1927.

Vitað er um öræfaferðir ungmennafélaga og annarra á árunum 1916-1923. Var þá farinn t.d. Kjalvegur fótgangandi, genginn endilangur Langjökull og Sprengisandur. Nöfn eins og Litla Skíðafélagið, Nafn-

og forvígismaður valinn Guðmundur frá Miðdal. Auk hans voru í stjórn Gunnar Guðmundsson, Björn Pétursson, Engilbert Sigurðsson, Brynjólfur Magnússon og Arni Kjartansson. Ekki virtust þeir félagar vera latir til verka, því stjórnin situr næstu 15 árin.

Í júlí 1939 hefst fyrsta námskeið Fjallamanna í Kerlingarfjöllum. Þátttakendur eru 17 og kennarar tveir, Guðmundur og suður-þýskur fjallamaður, R. Leutelt. Námskeiðið stendur í 12 daga og er þar kennið skíðaganga, klifur í bergi og ís auk þess helsta er varðar útbúnað.

Farið er víða um fjöllin og gengið á Hofsjökul - af kennsluatriðum má nefna skíðatækni í miklum bratta, notkun línu, axar og mannbrotta, björgun í jöklusprungu, sigtækni (Dülfertækni), tvöfaldar tryggingar og notkun hringlása (karabína) auk klifurtækni í bergi. Einnig eru erindi um síðfræði fjallamanna, útbúnað og kennd er "Hjálp í viðlögum".

Inn í dagskrána fléttast óvenju viðamiklar kvöldvökur og morgunbað flest alla daga í ískaldri Árskarðsánni.

Blómaskeiðið 1940 - '44

Ár II. heimsstyrjaldaráðnar verða virkstu ár Fjallamanna. Árið 1940 er Fjallamönnum veitt staða sem deild í Ferðafélagi Íslands og það veitir 300 kr. til skálabyggingar á Fimmvörðuhálsi. Viðir eru fluttir á hestum þangað í ágúst 1940 og skálinn reistur á nokkrum dögum. Þar og í Tindfjöllum eru svo haldin nokkur námskeið fram til 1944 (alls eftir að því er virðist). Er þar m.a. lögð mikil áhersla á snjóhúsagerð.

Árið 1944 reisa Fjalimenn skála í Tindfjöllum (efsti skálinn) og teljast það árið flestir félagar á ferli félagsins eða um loo talsins. Þeir flytja ýmsar merkar tillögur á aðalfundum F.I., t.d. um brú á Markarfljót og Emstruárnar og um skála í Emstrum. Þeir leggja til að byggður verði skáli við Goðaborg í Vatnajökli, ekki langt frá nýjum skála Jöklarannsóknafélagsins.


Á þessum tíma er nokkuð um að Guðmundur o.fl. Fjalimenn flytji erindi um sín mál í útvarp og riti blaða- og tímaritsgreinar um fjallamensku.

Hægist um

Uppúr 1945 munu Fjalimenn hafa haft nokkra félagsstarfsemi þótt námskeið og meiriháttar ferðir séu af lagðar.

Guðmundur skrifar bók, Fjalimenn, um ferðir sínar innan- og utanlands, þ.a.m. ágrip af sögu Fjallamanna. Bókin kemur út 1946 og árið eftir gera Fjalimenn kvíkmynd um Hekluelda, sem sýnd er víða um land.

Lítið sést til Fjallamanna 1948 - 1954, en það ár er haldið veglegt



Fjallamenn við uppgöngu á Þmi,
Tindfjöllum.

ur fyrir nýjan skála á Fimmvörðuhálsi, og grafið fyrir sökkum sumarið 1967. Lengra var ekki komist.

Fjallamenn hætta formlæga störfum 1968 eða 1969, en þá hafði Guðmundur frá Miðdal verið látinna í 5 ár - en hann lést 1963. Í hans stað kom Ólafur Þorsteinsson sem formaður félagsins.

Með Fjallamönnum var lokið frumraun skipulagðrar fjallamenndsku á Íslandi.

Afram skal haldið

Örsakir fyrir síminnkandi starfi Fjallamanna uppúr 1944 eru eflaust margar. Lítill endurnýjun félagsmanna er ein sú augljósasta. Forystumennirnir hófu að sinna margvislegum störfum með aldrinum og vantaði því nýtt afl til skipulagninga. Einnig má vera að kynning starfseinnar meðal almennings hafi verið of lítil. Þá má loks benda á að

afmælishóf í tilefni 15 ára afmælis félagsins. Í kjölfarið er hugur í mörgum félagsmönnum - ef til vill mætti endurvekja starfsemina. Hingað er fenginn Edmund Hillary, þá nýbúinn að sigra hæsta fjall jarðar ásamt Tenzing þeim nepalska. Hillary heldur hér fyrirlestra, en heimsókn hans dugði ekki til þess að færa starf Fjallamanna í fyrra horf.

Arið 1960 sér Guðmundur um árbók F.I. fyrir hönd Fjallamanna (Suðurjöklar). Uppúr því er ákveðið að endurreisa félagið. Ný stjórn er kosin og félagsgjöld innheimt - félagar teljast 93. M.a. er ákveðið að gera við skálana og yngri menn félagsins stefna á brattann í einhverjum mæli.

Fallið er frá því að gera við skálann á Fimmvörðuhálsi, en gert er við Tindfjallaskálann 1965-66. Ákveðinn er stað-



Bækistöðvar Fjallamanna við Tindfjöll -
þ.á.m. 3 samtengd snjóhús.

ferðalög voru öll örðugri
á þessum árum, m.a. voru
bílferðir inn á öræfin
rétt að taka á sig líka
mynd og nú er. Hefur
starfsemi Fjallamanna því
höfðað til færri en búast
mætti við nú.

Því er þess getið hér
að okkur, sem nú viljum
efla fjallamennsku, er
hollt að læra af liðinni
tíð og nýta hefðir Fjalla-
manna og reynslu.

Fjallamenn verða ekki endurreistir, enda er ekki þörf á því meðan
ÍSALP dafnar. Áhuginn er fyrir hendi og mikilvægi eða gagn fjalla-
ferða og kennslu í fjallamennsku er ótvírætt.

Þeir sem stunda ferðalög eða fjallamennsku mynda í raun víðtæka
hreyfingu, með mismunandi markmið og þar af leiðandi mismunandi skipu-
lagsform. Íslenski Alpaklúbburinn gegnir ákveðnu hlutverki í þessari
hreyfingu. Megínatriðið hlýtur því að vera það að ástunda starfshætti,
er höfða til sem flestra, fjölbreytta og sveigjanlega - eins konar
fjöldastefnu, sem tryggir sífellda endurnýjun félagsins.

Greinin er unnin upp úr dagbókarbrotum, greinum o.fl. Ef einhver
getur bætt um betur, væri það vel séð.

Ari Trausti Guðmundsson



M EÐ
I
BAKPOKANN



Allt í útilífið

Yfir 20 gerðir af bakpokum

KLIFURVÖRUR



Core-Tex[®]
laminate
FATNAÐUR
OG
BAKPOKAR
FRÁ
berghaus



Útilif

**GLÆSIBÆ
SÍMI 30350**

Leiðarvísir ÍSALP:

Nr. 6: BOTNSSÚLUR fyrri hluti

YFIRLIT:

Botnssúlur eru einstakir tindar, sá hæsti 1093 m y. sjó, í suðaustur frá Hvalfirði, en í norður frá Þingvöllum. Þær eru talda vera gamalt endfjall og tindarnir rústir af gömlum gíg. Ekki mun þó hafa gosið í Botnssúlum síðan sögur hófust. Tindarnir eru svípmiklir og með þeim hæstu á suðvesturhorni landsins, allir um 1000 m yfir sjó. Fannir eru efst í hlíðunum allt árið um kring, einkum í hlíðum, sem snúa móti norðri, en enginn jökull er þó í fjöllunum.

Botnssúlur eru fjölsóttar af útivistarfólkí allt árið um kring, en þó mest á vorin og sumrin. Svæðið þykir hentugt til fjallgangna, snjó- og ísklifurs og fjallaskíðainkana.

Helstu kennileiti í Botnssúlum eru:


Syðstasúla, 1093 m yfir sjó, hæsti tindur svæðisins, 2-2,5 km langur hryggur með A-V stefnu. Suðurhlíð hryggjarins snýr að Þingvöllum. Aðal snjó- og ísklifurleiðir svæðisins eru í norðurhlíð hryggjarins. Af Syðstusúlu er mjög víðsýnt, ekki síst til suðurs og austurs.

Miðsúla, 1055 m yfir sjó, hvass tindur norðan við Syðstusúlu. Miðsúla er brött bæði að norðan og sunnan. Milli Miðsúlu og Syðstusúlu er Miðsúludalur¹⁾, breitt en stutt dalverpi. Bratti er mikill niður úr Miðsúludal til austurs, og er þar Súlnaberg, um 2,5 km langt klettabelti, er snýr að Ármannsfelli. Lítið hefur verið klifrað í Súlnabergi (enda móberg og laust í sér), sem er hæst 956 m y. sjó.

Vestursúla²⁾, 1086 m, nefnist fjallshryggur með A-V-stefnu, um um 2,5 km langur, upp frá botnum Brynjudals og Botnsdals í Hvalfirði. Vestursúla er auðveld uppgöngu, er þaðan geysivíðsýnt í björtu veðri.

Nyrst Botnssúlna er Háasúla, 1023 m yfir sjó. Hún er þeirra hrikalegust og rís brött á alla vegu, en hryggur tengir hana að sunnan við Vestursúlu. (Ath. Atlasblað Nr 36, Botnsheiði, frá

1,2) Miðsúla og Vestursúla eru ekki alm. viðurkennd örnefni, notuð hér til hagræðingar




Botnssúlur - yfirlitskort

Landmælingum Íslands, segir Háusúlu 916 m yfir sjó, en blað 1613 I frá U.S. Army Map Service segir hæðina 1023 m, er sú hæð líklega réttari.)

Botnssúlur eru ákjósanlegar til fjallgangna. Greiðfært er að þeim, bæði úr Þingvallasveit og upp úr Hvalfirði frá Vesturlandsveginum. Mosfellsheiðin er þó oft snjóþung að vetrarlagi, en yfirlleitt er fært til Þingvalla (Svartagils) um Kjósarskarð eða Grafning.

Enginn skáli er í grennd við Botnssúlur. Benda má á, að ágætis staður hefur fundist í Súlnadal fyrir lítinn skála, og ef af byggingu hans yrði, myndi öll aðstaða til fjallamennsku á svæðinu batna til muna.



Botnssúlur - séðar frá Þingvöllum.

Veðrabrigði eru oft mjög snögg á Botnssúlum og nágrenni og hvassviðri tíð, einkum í skörðum og á hryggjum. En fjallamaðurinn þarf að vera sérstaklega vel á verði í Botnssúlum gagnvart snjóflóðum. Þau eru mjög tíð að vetrar- og vorlagi og þá helst í giljum, gljúfrum og skálum, þar sem mikill snjór safnast fyrir. Hvergi mega menn telja sig fullkomlega örugga um að lenda ekki í eða koma af stað snjóflóði.

Skemmtilegast er að fara á Botnssúlur seinni hluta vetrar og fyrri hluta sumars (feb.-júní). Þá eru aðstæður venjulega bestar til snjó- og ísklifurs og nægur snjór fyrir fjallaskíðin. Gönguleiðir eru hins vegar færar allt árið, en að vetrarlagi þarf sérstaka aðgát, sbr. snjóflóð og veður.

Auk hlýrra skjólklaða, sem ætíð eru óhjákvæmileg, að vetrarlagi, eru mannbroddar og ísöxi nauðsynlegur útbúnaður. Að summarlagi má komast af án brodda og axar, sérstaklega, þegar líður á sumarið. Ef um klifur er að ræða, er fjallavaður, ísskrúfur, ísfleygar, snjóankeri og bergfleygar nauðsynlegir hlutir.

Besta fáanlegt kort af svæðinu er kort 1613 I, Þingvellir, mælikvarði 1:50.000, frá U.S. Army Map Service. Einnig má nefna Atlasblað Nr. 36, Botnsheiði, kvarði 1:100.000, og Aðalkort Nr. 3, Suðvesturland, 1:250.000, hvort tvært frá Landmálino um Íslands.

Þær leiðir, sem nú verður lýst, eru algengustu gönguleiðir á Botnssúlur. Sú lýsing er þó ekki tæmandi, því að margir möguleikar eru fyrir hendi á þessu fjölbreytta fjallasvæði. Einnig má sameina fleiri en eina leið og fara þannig margar leiðir í sömu ferð, því að stutt er á milli þeirra. Aætlaður göngutími miðast í öllum tilfelli um við sæmilegt göngufæri og útbúnað í bakpoka fyrir dagsferð.

EINSTAKAR LEIÐIR:

Nr 1: Frá Svartagili að Miðsúludal - austan Súlnagils:

Stysta gönguleið úr byggð á Botnssúlur (nema á Vestursúlu) er austan Súlnagils. Farið er upp frá Svartagili, auðveld leið, en þó þarf að brölda dálítið upp Súlnaberg. Óvönum skal bent á, að leið Nr 2 er auðveldari.

Loftlína: 5,5 km.

Lóðrétt hækkun: 600 m.

Aætlaður göngutími: 2 klst. frá Svartagili upp í mynni Miðsúludals.

Klifurgráða: I í snjó upp Súlnaberg.

Lagt er upp frá eyðibýlinu Svartagili í Þingvallasveit, gengið upp á milli Svarta- og Súlnagils, tekin stefna á Miðsúlu. Bratt er fyrsta spölinn upp frá Svartagili, en síðan tekur við minni bratti. Þegar komið er upp fyrir Súlnagil, verður landslag meira aflíðandi, en aðeins um stundarsakir (1,5 km) því að brátt er komið að Súlnabergi, er klifið þar upp, 300 m hækkun á 1,5 km. Best er að fara upp gil eitt rétt norðan við stóran stein, sem liggur þarna neðst í hlíðinni (sjá mynd 1). Gilið og framhald þess er létt klifur, sem rétt nær að teljast I. gráðu snjóklifur að vetrar- og vorlagi. Þegar komið er upp í mynni Miðsúludals í um 750 m hæð, blasir við Miðsúla og austurhryggur Syðstusúlu. Héðan má velja um göngu-, klifur- og fjallaskíðaleiðir, eftir hentugleikum.

Nr 2: Frá Svartagili að Miðsúludal, vestan Súlnagils:


Auðveld gönguleið frá Svartagili upp í Miðsúludal, en vestan Súlnagils, þarf þá ekki að brölda upp Súlnaberg. Á þessari leið er hentugt að vera á fjallaskíðum, einkum ofan Súlnagils (sjá mynd 1).

Loftlína: 6 km.

Lóðrétt hækkun: 600 m.

Aætlaður göngutími: 2,5 klst. frá Svartagili að mynni Miðsúludals.

Lagt er upp frá Svartagili og tekin stefna á Leggjarbrjót, skarð milli Botnssúlna og Búrfells. Landslag á þessari leið er afliðandi og við hækkum okkur jafnt og þétt, gengið er rétt norðan við Orrustuhól og niður fyrir Súlnagil. Síðan er gengið upp vestan með gilinu, sem er víða 80-100 m djúpt og þverhnípt, stefnt að austurenda Syðstusúlu í mynni Miðsúladals. Þaðan má velja um ýmsar leiðir á Súlurnar, sjá hér á eftir.



Botnssúlur - séðar frá Botnsdal.

Nr 3: Frá Brynjudal - á Vestursúlu:

Skemmtileg og auðveld leið, gengið frá Hrískotí, innsta bæ í Brynjudal, upp á Vestursúlu.

Loftlína: 7 km.

Lóðrétt hækjun: 1030 m.

Ætlaður göngutími: 3-5 klst. frá Hrískotí upp á Vestursúlu.

Gengið er inn Brynjudal frá innsta bænum, Hrískotí, um lágvaxið birkikjarr. Þegar komið er að Þórisgili, sem er djúpt gil með hvítfreyðandi fossum, er stefnan tekin upp á Sandhrygg, fyrir

neðan Vestursúlu. Síðan er haldið áfram upp hrygginn á Vestursúlu, sjá mynd 2. Hátindur Vestursúlunnar sést ekki, þegar gengið er upp, því að smábunga skyggir lengi vel á tindinn, en þegar komið er upp á hana, er aðeins spölkorn eftir upp. Af tindinum fæst mjög gott yfirlit yfir Botnssúlurnar, og viðsýnt er héðan í björtu, m.a. sjást kennileiti á Ströndum og í vesturhluta Vatnajökuls. Á niðurleið má taka á sig aukakrók út á bungu rétt norðan við hátind Vestursúlunnar, þar sem ágætt útsýni er yfir Hvalfell og Hvalvatn.

Nr 4: Frá Botnsdal - á Vestursúlu:

Ein auðveldasta leiðin á Vestursúlu, létt gönguleið og nokkuð jafnt aflíðandi. Fjölfarin, ágæt fjallaskíðaleið, meðan snjór endist.

Loftlína: 7,5 km.

Lóðrétt hækkan: 1030 m.

Aætlaður göngutími: 3-5 klst. frá Stóra-Botni upp á Vestursúlu.

Lagt er upp frá bænum Stóra-Botni innst í Botnsdal (bíllinn er skilinn eftir við hliðið fyrir neðan bæinn). Farið er yfir Botnsá á göngubrú fyrir neðan túnið á Stóra-Botni. Gengið er eftir ökuslóða inn dalinn og alla leið upp á Sandhrygg. Slóði þessi liggur upp meðfram gili sunnan megin Hvalskarðsár, en er ekki opinn bílum, því að girðingar liggja víða þvert á hann. Þegar komið er upp á Sandhrygg, er stefnt í SA á hrygg Vestursúlunnar, þar sem leiðin sam einast leið Nr 3 (sjá mynd 2).

Nr 5: Frá Botnsdal um Hvalskarð á Háusúlu:

Skemmtileg gönguleið á hrikalegasta tind svæðisins, farið upp suðurhrygginn á Háusúlu.


Loftlína: 9 km.

Lóðrétt hækkan: 940 m.

Aætlaður göngutími: 4-6 klst. frá Botnsdal upp á Háusúlu.

Klifurgráða: I í snjó að vetrarlagi og I í bergklifri að summarlagi.

Fyrst er farið sömu leið og Nr 4, en haldið er áfram upp með Hvalskarðsá í stað þess að fara út á Sandhrygg. (Sjá mynd 2) Þegar komið er í Hvalskarð, er tekin stefna í suðaustur. Nauðsynlegt er að fara vestan við og upp fyrir Stóragil (sem gengur upp frá Hvalvatni til suðurs), því að það er illfært. Gengið er í skarðið milli Háusúlu og austurenda Vestursúlu. Háasúla er geysibrött að austan, norðan og vestan, en að sunnan er aflíðandi hryggur niður frá tindinum, vel fær. Hryggurinn telst þó til minni háttar klifurs, einkum



Háasúla - frá suðri.

að vetrarlagi, en þá þarf hér skilyrðislaust bæði brodda og ísöxi. Viðvaningar ættu að auki að hnýta sig í línu. Leiðin er að mestu á vesturbarmi hryggjarins, sjá mynd 3, og er víða 100-150 m þverhnípi þar niður, ber þar að varast hengjur. Hátindur Háusúlu er smá sléttu, þaðan er gott útsýni yfir Skjaldbreiðinn og að Hlöðufelli. Sama leið er farin til baka, niður suðurhrygginn.

LEIÐIR Á SYÐSTUSÚLU:

Hér skulu nefndar fjórar þægilegar leiðir á hæsta tind svæðisins. Þær eru allar skemmtilegar, en að vetrarlagi getur verið um létt snjóklifur að ræða, aldrei þó meira en I. gráða. Útsýni frá tindinum þykir fagurt, einkum þó yfir Þingvöll. Allar leiðir eru auðrataðar.

Nr 6: Austurhryggor á Syðstusúlu frá Miðsúludal:

Loftlína: 1,5 km.

Lóðrétt hækjun: 310 m.

Aætlaður göngutími: (frá mynni Miðsúludals á tindinn) 45 mín.

Snjóklifurgráða: I.

Upp úr Miðsúludal (sjá leið Nr 1) er farið upp gil í austur-enda Syðstusúluhryggjarins, I. gráðu snjóklifur við vetraraðstæður. Gilið er um 100 m langt og eru þar engin íshöft eða hengjur. Þegar komið er upp, er gengið eftir hrygnum, en á tveimur stöðum eru klettastapar, 3-6 m á hæð, og er þá gengið suður fyrir þá. Á leiðinni er gott útsýni yfir Miðsúludal og að Miðsúlu.

Nr 7: Norðurhryggur á Syðstusúlu frá Miðsúludal:

Loftlína: 2 km.

Lóðrétt hækjun: 310 m.

Áetlaður göngutími: 45 mín.

Aftur er lagt af stað úr mynni Miðsúludals og gengið undir norðurhlíðum Syðstusúlu upp í skarðið milli Syðstu- og Miðsúlu. Þaðan er gengið upp norðurhrygginn á Syðstusúlu meðfram norðvesturbarmi hryggjarins, sem er víða veggbrattur niður í Súlnadal. Að vetrarlagi skal varast snjóflóðahættu í skálinni, sem er suðaustan megin hryggjarins. Einnig gæta verið hengjur við brúnina.

Nr 8: Vesturhryggur á Syðstusúlu: (sjá mynd 1)

Loftlína: 8 km frá Svartagili.

Lóðrétt hækjun: 900 m.

Áetlaður göngutími: 3,5 - 4,5 klst. frá Svartagili á Syðstusúlu.

Gengið er upp frá Svartagili eins og á leið Nr 2, uns komið er yfir Súlnagil, þá er haldið áfram upp á Leggjarbrjót, skarðið suðvestan Botnssúlna, milli Þingvalla og Hvalfjarðar. Gengið er austan við Öxará eftir ökuslóða, þangað til komið er að Súlá, sem á upptök sín í Súlnadalnum. Þá er stefnt á suðvesturenda Syðstu-súlu-hryggjarins og gengið þar upp brattann. Þegar komið er í 950 m hæð, minnkar hallinn og þá er farið meðfram norðurbarmi hryggjarins, er þar víða 100-150 m hátt þverhnípi norður af og hrikalegt að líta niður klettana í Súlnadal. Á einum stað er létt bergklifur upp smá klettahaft, ef farið er eftir háhrygnum, annars má krækja niður í suðurhlíðina fyrir haft þetta. Að öðru leyti er leiðin auðfarin.

Nr 9: Suðurhlíð Syðstusúlu:

Loftlína: 6 km frá Svartagili.

Lóðrétt hækjun: 900 m.

Áetlaður göngutími: 2,5-4 klst. frá Svartagili á Syðstusúlu.

Gengið er upp frá Svartagili (eins og í leið Nr 2), farið yfir Súlnagil og upp Fossbrekkur. Síðan er stefnan tekin beint á gil eitt, um 200 m austan við hátindinn (sjá mynd 1). Farið er upp

melhrygg fyrir neðan gilið og síðan beint upp það, þangað til komið er á austurhrygginn. (leið Nr 5) Þar er farið til vesturs eftir hrygnum, sem er breiður og greiðfær. Annars má fara upp suðurhlíðina á fleiri stöðum, einkum þó austarlega, og er þá komið inn á leið Nr 6 og hrygnum fylgt upp á tindinn.

LEIÐIR Á MIÐSÚLU:

Oftast er farið á Vestur- og Syðstusúlu. Leiðirnar á Miðsúlu eru einnig skemmtilegar, en sjaldnar farnar. Hins vegar er útsýni þar minna en frá hinum Súlunum, vegna þess að þær skyggja á til vesturs og suðurs. Til norðurs og austurs er víðsýnt í björtru. Leiðirnar eru ekki erfiðar, en smábrölt er upp á tindinn. Að vetrarlagi skal þó fara með sérstakri gát.

Nr 10: Austurhryggur frá Miðsúludal:

Loftlína: 1,5 km.

Lóðrétt hækkun: 310 m.

Aætlaður göngutími: 45 mín.

Gengið er upp frá mynni Miðsúludals í skarðið milli Súlnabergs og Miðsúlunnar (sjá mynd 1). Frá skarðinu er farið upp á austurhrygginn. Leiðin er aflíðandi frá skarðinu og á köflum slétt, en síðan tekur við dálítill bratti. Rétt fyrir neðan tindinn er dálítill klettur. Best er að fara fyrir neðan hann, sunnan megin og aftur upp á hrygginn. Nú eru aðeins örfáir metrar upp á tindinn, er það bara létt brölt.

Nr 11: Vesturhryggur Miðsúlu:

Gengið er upp úr skarðinu milli Vestur- og Miðsúlu.

Loftlína: 1 km.

Lóðrétt hækkun: 135 m.

Aætlaður göngutími: 20-30 mínutur.

Ef gengið er á Vestursúlu og farið austur eftir háhrygg hennar, eða á Háusúlu eða gengið upp Súlnadal, er tilvalið að fara á Miðsúlu eftir vesturhrygg hennar, frá skarðinu milli Vestur- og Miðsúlu. Er þessi leið jafnframt talin auðveldasta leiðin á Miðsúluna. Hér eru fá áberandi kennileiti á leiðinni, er gengið eftir hrygnum, sem mjókkar þó, er ofar dregur.

AÐRAR GÖNGULEIÐIR:

Að sjálfsögðu eru fleiri gönguleiðir á þessu svæði, eins og gönguleið milli þingvalla og Hvalfjarðar. Þá er lagt upp frá Svartagili, farið undir hlíðum Syðstu- og Vestursúlu og fyrir ofan Sand-

vatn. Koma má niður í Brynju- eða Botnsdal. Er þessi leið um 20 km, ágætis dagsganga. Einnig má sleppa við tindana á Botnssúlum og ganga á milli þeirra um skörðin, velja sér leiðir eftir hentugleikum. Eins og minnst var á í upphafi, má að sjálfssögðu tengja saman fleiri en eina leið og ganga á milli Súlnanna. Í stuttu máli: Fjallgöngumaðurinn er ekkert bundinn við ákveðna leið, hann getur farið um svæðið að eigin vali.

Í næsta tölublaði ISALP verður lýst fjallaskíða- og snjóklifurleiðum í Botnssúlum.

Guðjón Ó. Magnússon

Styrktaraðilar

PLASTPRENT HF.

Höfðabakka 9, sími 85600

MÓNA LÍSA

Laugavegi 19, sími 17445

RADIÓBÚÐIN

Skipholti 19, sími 29800

BÍLASALA EGGERTS

Borgartúni 24, sími 28255

ÍSLENSKIR SJÁVARRÉTTIR

Smiðjuvegi 18, sími 76280

CERES HF.

Auðbrekku 43, Kópavögi, sími 44290

FÖNN HF.

Langholtsvegi 113, sími 82220

FORMPRENT SF.

Hverfisgötu 78, sími 25960

Ferðir og fundir ÍSALP

Félagsfundir og opin hús hefjast kl. 20.³⁰ að Grensásvegi 5 nema annað sé auglýst. Eru félagsmenn hvattir til að bjóða gestum með.

12. sept. miðvikud: Opið hús:

Hreinn Magnússon sýnir myndir af klifri og jöklafærðum.

19. sept. miðvikud: Félagsfundur:

Jón Baldursson rædir um klettaklifurútbúnað. Sýndar verða myndir eftir Peter Livesey, gefnar út af British Mountaineering Council. Rætt um klettaklifurnámskeið á Þingvöllum.

22.-23. sept. laugard.-sunnud: Klifurnámskeið:

Námskeiðið verður á Þingvöllum, bæði fyrir byrjendur og lengra komna. Leiðbeinandi: Einar Hrafnkell Haraldsson.

26. sept. miðvikud: Opið hús:

Björgvin Ríkharðsson sýnir myndir frá skíðagönguferð yfir Kjöl síðastliðið vor.

3. okt. miðvikud: Opið hús:

Þór Ægisson sýnir myndir úr klúbbsferð í Esjufjöll s.l. vor.

8. okt. mánud: Fundur:

Undirbúningsfundur fyrir ísklifurnámskeiðið 12.-14. október á Gígjökli. Þátttakendur á námsskeiðinu mæti á þennan fund. Rætt um ísklifurútbúnað og aðferðir.

12.-14. okt. föstud.-sunnud: Ísklifurnámskeið á Gígjökli:

Leiðbeinendur: Guðjón Ó. Magnússon, Sighvatur Blöndahl, Þór Ægisson og Arngrímur Blöndahl.

17. okt. miðvikud: Opið hús:

Björn Vilhjálmsson rædir um "siðfræði" (ethics) í klifri.

24. okt. miðvikud: Félagsfundur:

Helgi Benediktsson kynnir ýmsar gerðir ísaxa og íshamra. Ingvar Teitsson sýnir myndir af ferð nokkurra félaga ásamt William Q. Sumner á Þverártindsegg s.l. summar. Einar Hrafnkell Haraldsson rædir um fjallalínur. Rætt um ferðina á Kálfstinda.

28. okt. sunnud: Kálfstindar:

Þar má finna klifur af svipuðu tagi og í Vífilsfelli. Fararstjóri: Hermann Valsson.

31. okt. miðvikud: Opið hús:

Ingvar Teitsson og Guðjón Ó. Magnússon sýna myndir úr klúbbsferð á Botnssúlur s.l. vor.

7. nóv. miðvikud: Opið hús:

Sighvatur Blöndahl ræðir um fjallafatnað að vetrarlagi og bakpoka.

14. nóv. miðvikud: Opið hús:

Guðjón Ó. Magnússon sýnir myndir úr Tindfjöllum, m.a. þegar Tindurinn var klifinn eftir hinni bröttu norðvesturhlíð. Rætt um Tindfjallaferðina.

16.-18. nóv. föstud.-sunnud: Tindfjöll:

Umsjón með ferðinni hefur Jón E. Rafnsson, sími 75311.


21. nóv. miðvikud: Opið hús:

Örvar Aðalsteinsson og Birgir Jóhannesson sýna myndir af klifri á Vestrahorni og Búlandstindi í Berufirði.


SMAAUGLYSINGAR

Til sölu: Joe Brown hjálmur, stærð: small, orange-litur. Upplýsingar gefur Helgi Benediktsson, s. 12045.

Til sölu: Edelweiss líflína, 80 m, 9 mm, rauð og blá. Línan er ónotuð. Verksmiðjuinnsiglið er ennþá á línunni. Upplýsingar í síma 36059 hjá Guðjóni Magnússyni.



VÖRUR SEM VANDAÐ ER TIL



Camp
Trails



MoAc



ajungilak.



Blacks
of Greenock

ultimaté

Paraboot - Galibier

SALEWA

Kastinger



SKÁTABÚÐIN

SÉRVERSLUN
FYRIR
FJALLA- OG
FERÐAMENN.